


Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir



Heimili
Guðs á
himnum



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Lazarus
Aðlagað af: Sarah S.
Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada


©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.




Jesús sagði lærisveinum sínum frá himneskum
vistarverum. Hann sagði við þá, "Í húsi föður
míns eru mörg glæsileg híbýli".


Vafalaust eru vistarverurnar
á himnum mun glæsilegri
en við getum ímyndað
okkur.




Jesús sagði við þá, "Ég fer til að búa ykkur stað. Og þegar allt er reiðubúið, kem ég að sækja ykkur. Síðan verðið þið alltaf hjá mér þar sem ég er." Eftir að hann reis upp frá dauðum, og á meðan hann var að blessa þá, hvarf Jesús upp í skýin, og var tekinn upp til himna.



Það vita þeir sem kristnir eru að Jesús lofaði því að hann mundi koma til að sækja þá þegar tíminn er kominn. Jesús sagðist mundi koma skyndilega, og öllum að óvörum. En hvað um kristið fólk sem deyr áður en hann kemur?



Í Opinberunarbók biblíunnar segir Jóhannes okkur
að það sé undursamlegt á himnum. Að best af öllu
sé, á sinn sérstæða hátt, að heimili Guðs sé á
himnum. Guð er allstaðar,
en háscæti hans er
á himnum.



Englar og aðrar himneskar verur dýrka
Guð á himnum. Svo gera allir þeir
sem dáið hafa og farið hafa til
himna. Þeir syngja himneska
tónlist og dýrka Guð.




Hér eru fáein orð úr einum sálminum sem þeir syngja:
VERÐUR ERT ÞÚ, ÞVÍ ÞÚ HEFUR LEYST MENN
ÚR VIÐJUM TIL GUÐS MEÐ
BLÓÐI ÞÍNU AF SÉRHVERRI
KYNKVÍSL, TUNGU, LÍÐ OG
ÞJÓÐ, OG GERT ÞÁ AÐ
KONUNGUM
OG PRESTUM
GUÐI TIL
HANDA.
(Opinb. 5:
9-10)




Í lok biblíunnar er himnaríki lýst sem "Nýju Jerúsalem", mikilli og stórri borg með háum vegg allt í kring. Veggurinn er gerður úr kristalglærum jaspissteini og undirstöðusteinar útveggjarins eru þaktir litríkum og dýrmætum gimsteinum og eðalsteinum.


Hvert borgarhlið er byggt úr einstakri, stórri perlu!




Perluhliðum himnaríkis er aldrei lokað. Þau eru alltaf opin. Við skulum nú fara og kíkja inn...ÓTRÚLEGT!
Þvílík fegurð! Stræti borgarinnar eru úr skíragulli, tæru sem glampanði gleri.




Svo sáum við á lífsvatnsins. Áin er tær eins og kristall. Hún rennur frá háscæti Guðs og lambsins. Beggja vegna árinna er hið sérstæða lífsins tré, sem á hverjum mánuði ber tólf mismunandi tegundir ávaxta. Og lauf þessa merkilega trés eru notuð til lækningar þjóðunum.



Á himnum er hvorki þörf fyrir sólskin né lampaljós.
Guð sjálfur er ljós himnaríkis. Ljós hans skín
viðstöðulaust. Á himnum er aldrei nótt.




Dýrin á himnum haga sér öðruvísi en jarðardýr. Á himnum eru öll dýr spök og vingjarnleg. Úlfar og lömb bíta gras hlið við hlið. Ljón og naut éta saman hey. "Hvergi á mínu heilaga fjalli munu þau gera mein, né valda nokkrum skaða." segir Drottinn.



Er við gáum
betur að, kemur
í ljós að fleira
er öðruvísi
á himnum.

Ekki
bærist
nokkurs
staðar á
eigingirni
eða
slagsmálum,
og hvergi
heyrast
skammaryrði.



Hurðalæsingar þekkjast
ekki og ekki heldur
þjófar. Lygarar,
morðingjar,
galdramenn
og önnur
slík ómenni,
er hvergi
að finna.

Synd
þekkest
ekki á
himnum.




Á himnum eru sorgartár ekki til.
Algengt er að kristið fólk, sem
aðrir jarðarbúar, gráti af
sorgum sínum. En þegar hinir
trúuðu eru komnir til himna,
þerrar Guð tár þeirra.




Á himnum hafa allir eilíft líf og munu ríkja með Guði að eilífu. Sorg, sársauka og grát er hvergi að finna á himnum. Ekki heldur veikindi, skilnað eða jarðarfarrir. Sælir eru þeir sem búa á himnum, því þeir munu að eilífu vera hjá Guði.



Himnaríki er fyrir alla þá sem í einlægni hafa tekið trú á Jesú Krist, jafnt fyrir stráka sem stelpur, og fullorðna líka. Jesús tekur þeim með opnum örmum. Á himnum er merkileg bók sem kallast lífs bók lambsins. Hún er full af mannanöfnum. Veist þú hvaða nöfn eru í þessari bók? Nöfn allra þeirra sem í hjarta sínu trúa á Jesú. Er þitt nafn í þessari bók?



Rétt í lok biblíunnar er að finna þetta fallega boð:
"Andinn og brúðurin segja: Komdu! Og lát þann sem
heyrir segja: Komdu! Og lát alla koma sem þyrstir
eru. Og hver sem vill fær lífsvatnið ókeypis."



Heimili Guðs á himnum


Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Jóhannesarguðspj. 14, 1 Korintu. 5,
Jesaja 11, 65, Opínb. 4, 21, 22

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130





Endir

60

60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

